

Ed.

**927. Nefndarálit**

við frv. til laga um útrýming fjárkláðans (þingskj. 766).

Nefndin, sem háttv. efri deild fól mál þetta til athugunar, hefir athugað það eftir föngum, og borið sig saman við M. Einarsson dýralækni um það, og er álit hennar þetta :

Nefndin lítur svo á, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Fjárkláðinn hefir fyr og síðar gert fjáreigendum á landinu mikið tjón, og hann veldur óefað tjóni, svo lengi sem honum ekki verður útrýmt með öllu.

Fyrir fám árum síðan voru gerðar allverulegar útrýmingar-tilraunir með því að baða alt sauðfé á landinu, og var til þess varið stórfé. En þrátt fyrir þetta hefir kláðinn þó gert vart við sig síðan, og ber einna mest á því nú í vetur, eftir þar að lútandi skýrslum, sem komnar eru til stjórnarráðsins.

Að þessu er þannig varið, liggur vafalaust langmest í því, að ekki var viðhöfð tvíböðun á öllu sauðfé þegar útrýmingarböðunin fór fram, því til fullrar útrýmingar verður ekki komist hjá tvíböðun, samkvæmt álitum þeirra manna, sem bezta hafa þekkingu á þessu máli.

Þessar tvíbaðanir með hæfilegu millibili er það, sem frumvarpið fer fram á, að landsstjórninni veitist heimild til að fyrirskipa, og með því að nefndin lítur svo á, að tvíbaðanirnar séu nauðsynlegar, eigi kláðinn að upprætast, og

hún telur rétt að stemma stigu fyrir útbreiðslu hans svo fljótt, sem tók eru á, og með því að nefndin enn fremur telur önnur ákvæði frumvarpsins viðunandi, en tími þingsins þegar á þrotum, þá leyfir hún sér eftir atvikum að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild alþingis, 4. maí 1911.

J. Havsteen,  
formaður.

Jósef Björnsson,  
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson,  
með fyrirvara.

.